



# Stefna Seltjarnarnesbæjar í málefnum fatlaðs fólks

## Inngangur

Seltjarnarnesbær veitir fötluðu fólki og fjölskyldum þess margvíslega þjónustu í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða.

Stefna Seltjarnarnesbæjar í málefnum fatlaðs fólks byggir á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, og öll þjónusta á vegum bæjarins skal miðast við samfélag án aðgreiningar.

Unnið skal að því að auka sjálfstæði og lífsgæði fatlaðs fólks og skapa því skilyrði til virkrar þátttöku í samfélaginu. Þjónusta við fatlað fólk skal vera samþætt allri almennri þjónustu sveitarfélagsins eftir föngum og í samræmi við óskir þess og þarfir. Hún skal byggja á gagnkvæmri virðingu, vera heildstæð, sveigjanleg og taka til sem flestra þátta daglegs lífs.

Jafnræði til þjónustu skal tryggt og lögð er áhersla á að þróun hennar og framkvæmd sé í samráði við notendur hverju sinni.

## Skilgreiningar

### **Fötlun:**

*Afleiðing skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Skerðingar hlutaðeigandi einstaklings eru varanlegar og hindranirnar til þess fallnar að viðkomandi verði mismunandi vegna líkamlegrar, geðrænnar eða vitsmunalegrar skerðingar eða skertrar skynjunar.*

### **Fatlað fólk:**

*Fólk með langvarandi líkamlega, geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun sem verður af þeim sökum fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.<sup>1</sup>*

---

<sup>1</sup> Lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, 2. gr.

## Markmið með þjónustu við fatlað fólk

Mæta þarf fötluðu fólki með viðvarandi þjónustupörf með því að veita því samfellda þjónustu á allan þann hátt sem þörf krefur.

Fatlað fólk eigi val um tegund þjónustu og framkvæmd hennar í samráði við fagfólk.

Biðtími eftir þjónustu sé sem skemmstur.

Þróuð verði ný úrræði í þjónustunni í samráði við notendur.

Stuðlað sé að öryggi og samhæfingu í þjónustunni.

## Akstursþjónusta og samgöngur

Almennings-samgöngur taki mið af þörfum fatlaðs fólks eftir föngum. Stuðlað skal að því að auka möguleika þess til að nýta þjónustu Strætó.

Þeir sem ekki geta nýtt sér almenningsvagna vegna fötlunar sé gefinn kostur á akstursþjónustu sem geri þeim kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tómsunda og tryggja með því sjálfstæði þeirra eftir því sem frekast er unnt.

Akstursþjónustan sé sveigjanleg til að mæta þörfum notenda. Unnið skal að því að panta megi ferð með sem stytum fyrirvara og að ferðatíminn sé eins skammur og unnt er.

## Atvinna

Fötluðu fólki séu tryggðir jafnir möguleikar á við aðra til að stunda atvinnu hjá sveitarfélaginu.

Samstarf sé haft við Vinnumálastofnun og aðra aðila sem láta sig málið varða í því skyni að styðja við atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

Fatlað fólk eigi kost á starfsþjálfun og starfsprófun.

Fatlað fólk eigi kost á að nýta virkniúrræði í dagþjónustu.

Ungt fatlað fólk<sup>2</sup> eigi kost á sumarstörfum hjá Seltjarnarnesbæ og unglingar til þátttöku í vinnuskóla.

## Dagþjónusta og hæfing

Fötluðu fólki sé gefinn kostur á starfs- og félagsþjálfun til að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi.

---

<sup>2</sup> Aldurshópurinn 16 – 24 ára.

## Ferlimál

Ferlimálum fatlaðs fólks sé sinnt með skipulegum hætti þannig að öllum sé tryggt aðgengi að manngerðu umhverfi, bæði hvað varðar opinbert húsnæði og opin svæði fyrir almenning.

Gerðar séu úttektir á og unnið að endurbótum á aðgengi að opinberum byggingum, þjónustustofnunum og opnum svæðum.

## Félagslegur stuðningur/einstaklingsstuðningur

Fatlað fólk skal eiga kost á félagslegum stuðningi sem veitir því persónulegan einstaklingsstuðning og aðstoð í því skyni að efla það til sjálfshjálpar og rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

## Heimþjónusta

Veita skal fötluðu fólki samþætta stuðnings- og heimþjónustu búi það í heimahúsum og geti ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna fötlunar.

Heimþjónustan sé sveigjanleg og lagi sig sem mest að þörfum notenda.

## Húsnæðismál

Fatlað fólk eigi kost á fjölbreytni í búsetuúrræðum og húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir.

Í boði séu sérhæfð búsetuúrræði fyrir þá sem þurfa sólarhringsþjónustu nema þeir kjósi sjálfstæða búsetu með stuðningi.

Í búsetukjörnum fyrir fatlað fólk sé lögð áhersla á að hver íbúi hafi sér inngang og aðstöðu innan íbúðar til að halda eigin heimili. Þess sé gætt að hönnun taki tillit til mismunandi þarfa fólks eftir tegund fötlunar.

## Íþróttir, tómstundir og æskulýðsmál

Stutt sé við íþrótt- og tómstundaiðkun fatlaðs fólks, ekki síst barna og ungmenna, og þekking þeirra sem starfa á þeim vettvangi aukin með fræðslu þeim til handa.

Í boði séu opnar æfingar/íþróttatímar til hliðar við keppnisdrifnar æfingar. Fötluð börn og ungmenni eigi þess kost að kynnast fjölbreytilegum íþróttagreinum og að velja þá grein sem vekur áhuga þeirra eða hentar þeim best.

Fötluðu fólki sé gert auðvelt að taka þátt í sérstöku íþróttastarfi fyrir fatlað fólk í bæjarfélaginu og á höfuðborgarsvæðinu.

Mætt sé margbreytileika meðal fatlaðs fólks til að það fái notið fjölbreytts frístundastarfs, svo sem myndlistar- og tónlistarnáms.

## **Notendasamningar og NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð)**

Í boði séu notendasamningar eða NPA eftir því sem við á til stuðnings fötluðu fólki í athöfnum daglegs lífs, heimilishaldi, þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi.

## **Ráðgjöf, fræðsla og miðlun upplýsinga**

Ráðgjafi félagsþjónustu hafi yfirsýn yfir stuðningsþarfir fatlaðs fólks í bæjarfélaginu og þekkingu á þeim úrræðum sem henta hverjum notanda fyrir sig.

Ráðgjafi félagsþjónustu hafi frumkvæði að því að fatlað fólk og fjölskyldur þess fái upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar um félagsleg réttindi sín og viðeigandi þjónustuúrræði.

Foreldrar fatlaðra barna eigi kost á ráðgjöf og leiðbeiningum við uppeldi og umönnun barna sinna af hálfu fagfólks félagsþjónustu eða sé, eftir atvikum, vísað til annarra hæfra sérfræðinga. Sama gildi um stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda.

## **Skammtímadvöl, stuðningsfjölskyldur og sumarúrræði**

Fötluðum börnum og ungmennum standi til boða skammtímadvöl þegar þörf krefur.

Fötluðum börnum standi til boða þjónusta stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur.

Fötluðum börnum og ungmennum standi til boða sumarnámskeið eða þátttaka í sumarbúðum á vegum ýmissa félagasamtaka fyrir einstaklinga með ýmiskonar fötlun.

## **Skólamál, frístund og lengd viðvera ungmenna á framhaldsskólaaldri**

Nám taki mið af getu og þörfum hvers nemanda.

Fötluðum nemendum sé tryggð samfella í þjónustu á milli skólastiga.

Fötluðum nemendum sé tryggður stuðningur og aðstoð til virkrar þátttöku í öllu skólastarfi.

Fötluðum nemendum, sem þess þurfa með, standi til boða sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, talkennsla o.þ.u.l. í skóla sínum eða nálægu húsnæði á skólatíma.

## **Starfsfólk**

Lögð skal áhersla á að fá fagfólk til starfa, t.d. þroskaþjálfara, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara, sálfræðinga, atferlisfræðinga eftir þörfum.

Mikilvægt er að tryggja að hæfir einstaklingar séu til reiðu sem liðsmenn til að sinna t.d. félagslegri liðveislu og aðstoðarfólk til handa þeim sem búa við notendasamninga og NPA.

Starfsfólk fái nauðsynlega fræðslu um réttindi fatlaðs fólks, sérhæfða þjónustu vegna fötlunar og standi vörð um hagsmuni notenda. Starfsfólki standi jafnframt til boða sí- og endurmenntun eftir þörfum.

## **Styrkir**

Fötlðu fólki standi til boða styrkir í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Stefna þessi skal endurskoðuð innan fimm ára.

Samþykkt í bæjarstjórn 22. febrúar 2023